

*Bryggjugjöld:*

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 1,80 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja 12 tíma sem skip liggur bundið, hámark 26 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 48,40 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 5.286 á mánuði.

Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 3.459 á mánuði.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Borgarfjarðarhafnar vegna skipsins.

*Vörugjöld:*

Vörugjald, kr. 138,80 fyrir hvert tonn, skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl innan takmarka hafnarinnar.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni.

*Aflagjöld:*

Af öllum sjávarafla sem lagður er á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings skal greiða 1,6% af heildarverðmæti aflans.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

*Vigtargjöld:*

Kr. 700 fyrir hverja vigtun (löndun) á tímabilinu 08 – 19 mánudaga til föstudaga, kr. 2.100 fyrir vigtun á öðrum tíma.

Kaupandi afla stendur skil á vigtargjöldum.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari og skal greiða gjöldin á skrifstofu Borgarfjarðarhrepps eða inn á bankareikning hreppsins.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Borgarfjarðarhöfn er samþykkt af hafnarstjórn þann 6. september 2004, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Borgarfirði, 7. september 2004.*

**Magnús Þorsteinsson** sveitarstjóri.

**AUGLÝSING****um breytingu á deiliskipulagi í Eyjafjarðarsveit.**

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi íbúðabyggðar í landi Brúarlands. Meginbreytingin felst í því að lóðum er fjölgað um tvær og verða nr. 9 og 10. Þá hafa verið gerðar smávægilegar breytingar á lóðamörkum milli lóða nr. 1 og 2 og stærðartölur lóða nr. 7 og 8 eru leiðréttar.

Á aðlægum skipulagsreit úr landi Leifsstaða eru gerðar þær breytingar að mörk lóðar nr. 30 að vestan og byggingarreiturinn færast lítillaga til austurs. Sama gera austurmörk lóðarinnar. Þá færist rotþró úr land Brúarlanda vestur fyrir lóð nr. 30 í landi Leifsstaða.

Tillaga þessi hefur fengið þá meðferð sem lög ákveða og er nú auglýst til að taka þegar gildi sbr. 3. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

*Eyjafjarðarsveit, 16. september 2004.*

**Bjarni Kristjánsson** sveitarstjóri.

## GJALDSKRÁ

fyrir búfjáreftilrit í Snæfellsbæ.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst. skal vera kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjáreftilrit o.fl., skal vera kr. 5.000 pr. klst.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanns sbr. 1. og 2. gr., skal greiddur af hlutaðeigandi umráðamanni búfjár. Kostnaður pr. ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins ár hvert.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o. fl. og tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 20. september 2004.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

---

*Atli Már Ingólfsson.*